

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/345

2024/EES/83/55

frá 22. janúar 2024

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir desmedífam, etrídíasól, flúrtamón, prófoxýdím, dífenakúm og kalíumpermanganat í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fæði úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum 14. gr. (a-liður 1. mgr.), 18. gr. (b-liður 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virku efnin desmedífam, flúrtamón og prófoxýdím. Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virka efnið etrídíasól. Engin sértæk hámarksgildi leifa voru fastsett fyrir virku efnin dífenakúm og kalíumpermanganat í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar eð þessi virku efni hafa ekki verið færð á skrá í IV. viðauka við þá reglugerð gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Samþykkið fyrir virka efninu desmedífami rann út 1. júlí 2019 og var ekki endurnýjað⁽²⁾. Öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þetta virka efni hafa verið afturkölluð. Engin CXL-hámarksgildi eða innflutningsvikmörk eru fyrir hendi fyrir þetta efni. Hámarksgildi leifa fyrir desmedífam á öllum afurðum eru fastsett við magngreiningarmörk. Í samræmi við tækniframfarir er nú unnt að ná lægri gildum fyrir magngreiningarmörk. Því er rétt að lækka hámarksgildi leifa sem sett eru fram fyrir desmedífam í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í núverandi vörusértæk magngreiningarmörk í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. hennar, og færa þau í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð hámarksgildi leifa á öllum afurðum eru fastsett við vörusértæk magngreiningarmörk er þar að auki ekki lengur þörf á gögnum til staðfestingar. Þess vegna ætti að fella brott allar neðanmálsgreinar sem innihalda beiðnir um gögn til staðfestingar.
- 3) Samþykkið fyrir virka efninu etrídíasóli rann út 31. maí 2021 og ekki hefur verið lögð fram umsókn um endurnýjun á því samþykki. Öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þetta virka efni hafa verið afturkölluð. Engin CXL-hámarksgildi eða innflutningsvikmörk eru fyrir hendi fyrir þetta efni. Því er rétt að fella brott hámarksgildi leifa, sem eru fastsett fyrir þetta efni í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. hennar. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir etrídíasól á öllum afurðum við vörusértæk magngreiningarmörk í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/345, 23.1.2024. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1100 frá 27. júní 2019 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu desmedífami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 175, 28.6.2019,

- 4) Samþykkið fyrir virka efninu flúrtamóni rann út 27. desember 2018 og var ekki endurnýjað⁽³⁾. Öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þetta virka efni hafa verið afturkölluð. Engin CXL-hámarksgildi eða innflutningsvikmörk eru fyrir hendi fyrir þetta efni. Hámarksgildi leifa fyrir flúrtamón á öllum afurðum eru fastsett við vörusértæk magngreiningarmörk. Því er rétt að færa hámarksgildi leifa, sem eru fastsett fyrir flúrtamón í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 5) Samþykkið fyrir virka efninu prófoxýdími rann út 31. júlí 2021 og ekki hefur verið lögð fram umsókn um endurnýjun á því samþykki. Öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þetta virka efni hafa verið afturkölluð. Engin CXL-hámarksgildi eða innflutningsvikmörk eru fyrir hendi fyrir þetta efni. Hámarksgildi leifa fyrir prófoxýdími á öllum afurðum eru fastsett við vörusértæk magngreiningarmörk. Því er rétt að færa hámarksgildi leifa, sem eru fastsett fyrir prófoxýdími í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 6) Samþykkið fyrir virka efninu dífenakúmi rann út 30. desember 2019 og ekki hefur verið lögð fram umsókn um endurnýjun á því samþykki. Öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þetta virka efni hafa verið afturkölluð. Engin CXL-hámarksgildi eða innflutningsvikmörk eru fyrir hendi fyrir þetta efni. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir dífenakúmi á öllum afurðum við vörusértæk magngreiningarmörk í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 7) Virka efnið kalíumpermanganat er ekki samþykkt⁽⁴⁾. Engin CXL-hámarksgildi eða innflutningsvikmörk eru fyrir hendi fyrir þetta efni. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir kalíumpermanganat á öllum afurðum við vörusértæk magngreiningarmörk í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 8) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Þessar rannsóknarstofur lögðu til vörusértæk magngreiningarmörk sem unnt er að ná að greina.
- 9) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 10) Því ætti að breyta II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 11) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti þessi reglugerð ekki að gilda um afurðir sem hafa verið framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins áður en ný hámarksgildi leifa taka gildi og þar sem öflugri neytendavernd er viðhaldið.
- 12) Áður en ný hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita aðildarríkjum, þriðju löndum og stjórnendum matvælafyrirtækja hæfilegan frest til að aðlaga sig að kröfunum sem leiða af breytingunni á hámarksgildum leifa.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1917 frá 6. desember 2018 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu flúrtamóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 311, 7.12.2018, bls. 27).

⁽⁴⁾ 2008/768/EB: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. september 2008 um að færa *Beauveria brongniartii* og kalíumpermanganat ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þessi efni

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 12. ágúst 2024.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) í II. viðauka falla brott dálkamir fyrir desmedífam, flúrtamón og prófoxýdim.
- 2) í III. viðauka fellur dálkurinn fyrir etrídasól brott.
- 3) í V. viðauka er eftirfarandi dálkum bætt við fyrir desmedífam, etrídasól, flúrtamón, prófoxýdim, dífenakúm og kalíumpermanganat:

„V. VIÐAUKI

Varnarefnaleifar og hámarksgildi leiða (mg/kg)

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leiða eiga við um ^(*) | Desmedífam | Etrídasól | Flúrtamón | Prófoxýdim | Dífenakúm | Kalíumpermanganat |
|------------|--|------------|-----------------|-----------|------------|-----------------|-------------------|
| 010000 | NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 011000 | Sítrúsvextir | | | | | | |
| 0110010 | Greipaldin | | | | | | |
| 0110020 | Appelsínur | | | | | | |
| 0110030 | Sítrónur | | | | | | |
| 0110040 | Súraldin | | | | | | |
| 0110050 | Mandarínur | | | | | | |
| 0110990 | Annað (2) | | | | | | |
| 012000 | Trjáhnetur | | | | | | |
| 0120010 | Möndlur | | | | | | |
| 0120020 | Parahnetur | | | | | | |
| 0120030 | Kasúhnetur | | | | | | |
| 0120040 | Kastaniuhnetur | | | | | | |

| | | | | | | | | | |
|---------|-------------------------|--|--|--|--|--|--|--|--|
| 0120050 | Kókoshnatur | | | | | | | | |
| 0120060 | Heslíhnatur | | | | | | | | |
| 0120070 | Goðahnatur | | | | | | | | |
| 0120080 | Pekahnatur | | | | | | | | |
| 0120090 | Furuhnaturkjarnar | | | | | | | | |
| 0120100 | Pistasíuhnatur | | | | | | | | |
| 0120110 | Vallhnatur | | | | | | | | |
| 0120990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0130000 | Kjarnaáveftir | | | | | | | | |
| 0130010 | Epli | | | | | | | | |
| 0130020 | Perur | | | | | | | | |
| 0130030 | Kveði | | | | | | | | |
| 0130040 | Trjámisplisaldin | | | | | | | | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | | | | | | | | |
| 0130990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0140000 | Steinaldin | | | | | | | | |
| 0140010 | Apríkósur | | | | | | | | |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | | | | | | | | |
| 0140030 | Ferskjur | | | | | | | | |
| 0140040 | Plómur | | | | | | | | |
| 0140990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0150000 | Ber og smá aldin | | | | | | | | |
| 0151000 | a) Þrúgur | | | | | | | | |
| 0151010 | Vínber til neyslu | | | | | | | | |
| 0151020 | Vínþrúgur | | | | | | | | |
| 0152000 | b) Jarðarber | | | | | | | | |
| 0153000 | c) Klungurber | | | | | | | | |
| 0153010 | Brómber | | | | | | | | |

| | | | | | | | | | |
|---------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| 0153020 | Daggarber | | | | | | | | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | | | | | | | | |
| 0153990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0154000 | d) Önnur smá aldin og ber | | | | | | | | |
| 0154010 | Aðalbláber | | | | | | | | |
| 0154020 | Trönuber | | | | | | | | |
| 0154030 | Sólber og rífsber (rauð og hvít) | | | | | | | | |
| 0154040 | Stíkilsber (græn, rauð og gul) | | | | | | | | |
| 0154050 | Rósaldin | | | | | | | | |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | | | | | | | | |
| 0154070 | Eplapymíber/Miðjarðarhafstrjámspilsaldin | | | | | | | | |
| 0154080 | Ylliber | | | | | | | | |
| 0154990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0160000 | Ýmis aldin með | | | | | | | | |
| 0161000 | a) Ætu hýði | | | | | | | | |
| 0161010 | Döðlur | | | | | | | | |
| 0161020 | Fíkjur | | | | | | | | |
| 0161030 | Ólífur til átu | | | | | | | | |
| 0161040 | Gullappelsínur | | | | | | | | |
| 0161050 | Stjörmualdin | | | | | | | | |
| 0161060 | Gallaldin | | | | | | | | |
| 0161070 | Jövuþómur | | | | | | | | |
| 0161990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0162000 | b) Óætu hýði, lítil | | | | | | | | |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | | | | | | | | |
| 0162020 | Litkaber | | | | | | | | |
| 0162030 | Pislaraldin | | | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---------|----------------------------------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 0256070 | Garðablóðberg | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | | | | | | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | | | | | | |
| 0256100 | Fáfnisgras | | | | | | |
| 0256990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0260000 | Belgávextir | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | | | | | | |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | | | | | | |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | | | | | | |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | | | | | | |
| 0260050 | Linsubaunir | | | | | | |
| 0260990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0270000 | Stöngulgrænmeti | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0270010 | Sperglar | | | | | | |
| 0270020 | Salatpistlar | | | | | | |
| 0270030 | Selleri | | | | | | |
| 0270040 | Hnúðfennikur | | | | | | |
| 0270050 | Ætíþistlar | | | | | | |
| 0270060 | Blaðlaukar | | | | | | |
| 0270070 | Rabarbarar | | | | | | |
| 0270080 | Bambussprotar | | | | | | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | | | | | | |
| 0270990 | Annað (2) | | | | | | |
| 0280000 | Sveppir, mosar og fléttur | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | | | | | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | | | | | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | | | | | | |

| | | | | | | | | | |
|---------|--|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | | | | | | | | |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | | | | | | | | |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | | | | | | | | |
| 0402990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0500000 | KORNVÖRUR | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0500010 | Bygg | | | | | | | | |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkornategundir | | | | | | | | |
| 0500030 | Máis | | | | | | | | |
| 0500040 | Hirsi | | | | | | | | |
| 0500050 | Hafnar | | | | | | | | |
| 0500060 | Hrísgjón | | | | | | | | |
| 0500070 | Rúgur | | | | | | | | |
| 0500080 | Dúrra | | | | | | | | |
| 0500090 | Hveiti | | | | | | | | |
| 0500990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 0600000 | TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0610000 | Te | | | | | | | | |
| 0620000 | Kaffibaunir | | | | | | | | |
| 0630000 | Jurtate úr | | | | | | | | |
| 0631000 | a) Blómum | | | | | | | | |
| 0631010 | Græsajurt | | | | | | | | |
| 0631020 | Læknaakólfur | | | | | | | | |
| 0631030 | Rósir | | | | | | | | |
| 0631040 | Jasmina | | | | | | | | |
| 0631050 | Lindiblóm | | | | | | | | |
| 0631990 | Annað (2) | | | | | | | | |

| | | | | | | | | | |
|---------|---|--|--|--|--|--|--|--|--|
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | | | | | | | |
| 1013990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 1014000 | d) Geitum | | | | | | | | |
| 1014010 | Vöðvi | | | | | | | | |
| 1014020 | Fita | | | | | | | | |
| 1014030 | Lifur | | | | | | | | |
| 1014040 | Nýru | | | | | | | | |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | | | | | | | |
| 1014990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 1015000 | e) Hestum | | | | | | | | |
| 1015010 | Vöðvi | | | | | | | | |
| 1015020 | Fita | | | | | | | | |
| 1015030 | Lifur | | | | | | | | |
| 1015040 | Nýru | | | | | | | | |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | | | | | | | |
| 1015990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 1016000 | f) Alifuglum | | | | | | | | |
| 1016010 | Vöðvi | | | | | | | | |
| 1016020 | Fita | | | | | | | | |
| 1016030 | Lifur | | | | | | | | |
| 1016040 | Nýru | | | | | | | | |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | | | | | | | |
| 1016990 | Annað (2) | | | | | | | | |
| 1017000 | g) Öðrum öldum landdýrum | | | | | | | | |
| 1017010 | Vöðvi | | | | | | | | |
| 1017020 | Fita | | | | | | | | |
| 1017030 | Lifur | | | | | | | | |

| | | | | | | | | | | |
|---------|--|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 1017040 | Nýru | | | | | | | | | |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | | | | | | | | |
| 1017990 | Annað (2) | | | | | | | | | |
| 1020000 | Mjólk | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1020010 | Nautgripir | | | | | | | | | |
| 1020020 | Sauðfé | | | | | | | | | |
| 1020030 | Geitur | | | | | | | | | |
| 1020040 | Hestar | | | | | | | | | |
| 1020990 | Annað (2) | | | | | | | | | |
| 1030000 | Fuglsegg | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1030010 | Hænsni | | | | | | | | | |
| 1030020 | Endur | | | | | | | | | |
| 1030030 | Gæsir | | | | | | | | | |
| 1030040 | Kornhænur | | | | | | | | | |
| 1030990 | Annað (2) | | | | | | | | | |
| 1040000 | Hunang og aðrar býræktarafurðir (7) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 1050000 | Froskdýr og skriðdýr | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1060000 | Landhryggleysingjar | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1070000 | Vilt landhryggdýr | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 1100000 | AFURDIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURDIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8) | | | | | | | | | |
| 1200000 | AFURDIR EDA HLUFTAR AFURDA, EINGÖNGU NOTADIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8) | | | | | | | | | |
| 1300000 | UNNIN MATVÆLI (9) | | | | | | | | | |

(*) Neðri greiningarmörk

(*) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgrildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.“